



„Þegar Frakkarnir töldu sig örugga á því, að ég gerði ekki byltingu, tóku þeir mér tveim höndum.“



Litið við hjá listamanninum Erró

„Það er þessi ferski franskí andblær, sem ég elska“



Erró: Frakkland er áreiðanlega eina landið í heiminum, þar sem engin ritskodun viðgengst. (Veldi tilfinninganna sællar minningar).

að tala um fortíðina. Það góða við mig, er að ég lit aldrei til baka. Það er alveg útilokað fyrir mig að hitta oft fólk, sem vill tala um gamla tímann. Ég vil vera í hringiðu lífsins“.

Og hringiðu lífsins fyrir Erró er í París. „Þar kemur til mín fólk, sem stoppar stutt en hefur mikið að segja. Það segir mér sínar ferðasögur og ég segi því minar. Það er svo dásamlegt. Mér líkar vel við Frakka og þeim við mig. Þegar þeim var orðið ljóst, að ég myndi ekki skipta mér af pólitík þeirra og efna til óeirða eins og Cohn-Bendit, tóku þeir mig inn á stökk til sín. Frakkar eru svo skemmtilega „nonchalants“, kærulausir og óski pulagðir — en þó ekki. Þeir vilja halda í mann, þá einu sinni maður er kominn. Okkur útlendingum er jú bannað að skipta okkur af stjórnmálum þeirra, en allt

FI - Það var ekkert auðvelt að negla listamanninn Erró eða Guðmund Guðmundsson niður, þar sem hann var að störfum við uppsetningu sýningar sinnar, sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum fyrsta dag Listahátíðar. Hann var bókstaflega á þönum og settist ekki allan tímann, sem við stóðum við. „Leyfðu mér að sýna þér fyrst sýnishorn af myndum mínum um rússneska áróðurslist“, sagði hann strax og benti á mynd, sem gefa á nokkra hugmynd um hugarflug Rússa, þegar Ísrael er annars vegar. „Það tók mig 15 ár að víða efninu að, en úr því urðu líka 14 málverk, sem ég er sérstaklega ánægður með“.


„Anægður“ og „heppinn“ eru tvö lýsingarorð sem hvað oftast koma fram á varir Errós. Hann virðist þakklátur mörgu fólk, sem orðið hefur á vegi hans, og ómögulegt er að fá hann til þess að rifja upp nokkuð dapurlegt frá þeim árum, þegar hann sýndi í Listamannaskálanum, en þá kunnu Íslendingar vist ekki að meta neitt frá honum annað en mósaik. „Það er

margin fólk, sem hjálpaði mér á sínum tíma, eins og t.d. Matthías Jóhannessen, sem alltaf hefur verið hvetjandi fyrir mig og hvatt mig til þess að sýna hér. Erlendur Einarsson forstjóri gerði mér eitt sinn stóran greiða, — ég gat nú reyndar borgað skuld mína

fljótt, — nú og svo hún Guðmunda Kristinsdóttir frænka mín, sem hefur „reddað“ ýmsum hlutum fyrir mig. Að ógleymdum fósturföður mínum á Klaustri Siggeir Lárussyni. Gylfi Þ. Gíslason, — ég veit ekki hvort hann er lifandi ennþá, — sem var menntamálaráðherra

eða fjármálaráðherra, um það leyti sem ég hleypti heimdragnum, var mér einnig mjög inn-anhandar.

„En þú færð mig ekki til þess



... hún hafði fallega rödd... sú sem las fyrir mig Shakespeare.



Sýnishorn af rússneskri áróðurslist. Efniviðinn fékk Erró sendan frá kunningja sínum í Moskvu á 14 ára tímabili. Myndin heitir Ísrael.